



SELMA er ný þjónusta innan heimahjúkrunar í Reykjavík í samvinnu við Læknavaktina.

VAKTSÍMI SELMU: 664-9070

OPINN KL. 9-17 VIRKA DAGA

VITJANIR MILLI KL. 13-17

NETFANG: SELMA@REYKJAVIK.IS

MARKMIÐ

SELMA er teymi hjúkrunarfræðinga og lækna sem hefur það markmið að efla heilbrigðisþjónustu við skjólstæðinga heimahjúkrunar við skyndileg veikindi eða versnun á heilsufari. Vitjanir eru á dagvinnutíma og nýttast þegar einstaklingur af einhverjum ástæðum kemst ekki til mats og meðferðar á heilsugæslu eða göngudeild.

Með þjónustu SELMU er markmiðið að forða skjólstæðingum frá innlögn á bráðamóttöku vegna veikinda sem hægt er að meðhöndla heima fyrir. Einnig að styrkja samvinnu heimilislæknis og heimahjúkrunar. Teymið er ráðgefandi bakland fyrir starfsfólk heimahjúkrunar og stuðlar að auknu öryggi og betri líðan aldra í heimahúsi.

BOÐLEIÐIR

Við veikindi fær teymisstjóri heimahjúkrunar upplýsingar frá sjúklingi/starfsfólki/ættingjum og hefur samband við heimilislækni skjólstæðings. Teymistjóri getur ásamt heimilislækni hringt og óskað eftir vitjun frá SELMU. Heimilislæknir er líkt og áður ábyrgur fyrir meðhöndlun sinna skjólstæðinga. Ef vitjanir eru farnar af hálfu lækna SELMU senda þeir samskiptaseðil í Sögukerfi sem skilaboð (tilvísun/læknabréf) um niðurstöður og áætlun til viðkomandi heimilislæknis eða hafa samband símleiðis.

Skoðun og greining SELMU leiðir ýmist til ráðgjafar, nýrrar lyfjagjafar eða lagfæringu lyfja. Ef ástand er alvarlegt og meðhöndlun í heimahúsi óraunhæf er viðkomandi sendur á bráðamóttöku. Þegar skjólstæðingur getur verið áfram heima er hugað að aukinni þjónustu heimahjúkrunar. Fyrirmæli um meðferð og eftirfylgd eru gefin skriflega á heimili og í sjúkraskrá Sögu.

Endurmat og eftirfylgd á vegum SELMU er tímabundin, eftir eðli veikinda, í samvinnu við aðstandendur, heimahjúkrun og heilsugæslu.